

## Yfirlýsing frá landeigendum í Helgafelli

Vegna fréttáflutnings af mótmælum íbúa í Álafosskvos vegna framkvæmda í landi Helgafells er nauðsynlegt að eftirfarandi komi fram:

1. Öll tilskilin leyfi fyrir þeim framkvæmdum sem hafnar eru í Helgafellshverfi eru til staðar. Fullyrðingar um annað eru rangar.
2. Íbúðabyggð undir Helgafelli hefur verið á aðalskipulagi Mosfellsbæjar í 24 ár, frá árinu 1983, ásamt tengivegi við Vesturlandsveg. Framkvæmdir ættu því ekki að koma neinum á óvart.
3. Á undirbúningstímanum hefur gríðarleg vinna verið lögð í að skipuleggja svæðið þannig að framkvæmdir verði í sem mestri sátt við umhverfið og íbúa í grennd. Meginskipulagshugmyndin byggir á verðlaunatillögu Gylfa Guðjónssonar arkitekts - snjallri lausn sem dregur úr umferðarpunga og hávaða í hverfinu frá því sem gert var ráð fyrir í aðalskipulagi. Þetta hefur verið rækilega kynnt í fjölmiðlum.
4. Á öllum stigum málsins hefur verið hlustað á athugasemdir vegna framkvæmdanna og fjöldamargar breytingar gerðar á skipulagi til að koma til móts við þær athugasemdir sem bárust.
5. Fyrirhugaður tengivegur milli Helgafellshverfis og Vesturlandsvegur liggur ekki gegnum Álafosskvos. Miklar breytingar hafa verið gerðar að hönnun vegarins framhjá kvosinni, þannig að hann valdi sem minnstri röskun á umhverfi, hljóðvist og útsýni.
6. Mosfellsbær hefur leitt alla hönnun á hverfinu og í hvívetna gætt hagsmuna bæjarbúa og umhverfisins.

Það er eðlilegt að ekki séu allir sáttir við nýframkvæmdir í sínu nærumhverfi. Rétturinn til málefnaþgra athugasemda er vel tryggður í lýðræðislegum leikreglum í skipulagsmálum. Þess vegna er óþolandi að nú, þegar þeir sem leggjast gegn framkvæmdum í Helgafellslandi hafa nýtt sér öll tækifæri til að tefja fyrir, og formlegt framkvæmdaleyfi verið gefið út, að menn sætti sig ekki við niðurstöðuna og grípi þess í stað til áróðursbragða og aðferða atvinnumótmælenda.

Það er á allra vitorði að miklar náttúruperlur eru í skjóli Helgafells. Það er augljóst að hagsmunir landeigenda felast í því að vinna sín verk í góðri sátt við umhverfið og náttúruna, því aðeins þannig munu lóðir í Helgafellshverfi verða eftirsóttar. Því vakna grunsemdir um það að þeir sem nú reyna að hindra vel undirbúnar og samþykktar framkvæmdir hafi mestar áhyggjur af breytingum á eigin útsýni og geti ómögulega hugsað sér að deila náttúrugæðum svæðisins með fleirum.

Fyrir hönd landeigenda,  
Hannes Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri Helgafellsbygginga